

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 216/2013

2014/EES/29/04

frá 13. desember 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 469/2013 frá 22. maí 2013 um leyfi fyrir DL-meþíóníni, DL-meþíónínnatriumsalti, hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, kalsíumsalti af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, ísóprópýlestra af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, DL-meþíóníni, sem er varið með samfjölliðu vínýlpýridíns og stýrens, og DL-meþíóníni, sem er varið með etýlsellulósa, sem fóduraukefnum ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 145, 31. 5.2013, bls. 37.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2013 frá 24. júní 2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahydrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhydrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3)mónóhydrati sem fóduraukefnum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2013 frá 12. júlí 2013 um leyfi fyrir díklasúrili sem fóduraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Eli Lilly and Company Ltd) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 162/2003 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2013 frá 19. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar aðferðir við sýnatöku og greiningu ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 667/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2005 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 31o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009):
„– **32013 R 0691**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2013 frá 19. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 197, 20.7.2013, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 83. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 413/2013:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 136, 23.5.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 172, 25.6.2013, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 197, 20.7.2013, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 26, 31.1.2003, bls. 3.

- „84. **32013 R 0469**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 469/2013 frá 22. maí 2013 um leyfi fyrir DL-meþíóníni, DL-meþíónínnatríumsalti, hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, kalsíumsalti af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, ísóprópýlestra af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, DL-meþíóníni, sem er varið með samfjölliðu vínýlpýridíns og stýrens, og DL-meþíóníni, sem er varið með etýlsellulósa, sem fôðuraukefnum (Stjtið. ESB L 136, 23.5.2013, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 145, 31. 5.2013, bls. 37.
85. **32013 R 0601**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2013 frá 24. júní 2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahydrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II) karbónathýdroxíð(2:3)mónóhydrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II) karbónathýdroxíð(2:3)mónóhydrati sem fôðuraukefnum (Stjtið. ESB L 172, 25.6.2013, bls. 14).
86. **32013 R 0667**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2013 frá 12. júlí 2013 um leyfi fyrir díklasúrili sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur (leyfishafi er Eli Lilly and Company Ltd) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 162/2003 (Stjtið. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 35).“
3. Texti 37. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 469/2013, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 145, 31.5.2013, bls. 37, (ESB) nr. 601/2013, (ESB) nr. 667/2013 og (ESB) nr. 691/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.